

Af gömlum blöðum

Eftir Hannes Jónsson

Fyrsti draumurinn

Það var á útmánuðum á Syðri-Þverá að mig dreymdi fyrsta drauminn, sem ég man. Ég þóttist standa á háu fjalli og horfa í vestur og var þverhnipt niður í vatn sem ég sá ekki yfir, en við sjónarrönd var mistur eða þoka. Ég hafði þá ekki séð sjó eða skip nema Húnaflóa úr hjásetunni. Veður var bjart, létt og hlýtt loft, en svalandi andvari frá vatninu eða sjónum.

Langt úti sá ég afarstórt skip með fimm háum möstrum og með fullum seglum. Eldblossar komu út úr skipsfliðnum og stórir reykjarmekkir fylgdu á eftir hverjum blossa. Löngu seinna sá ég kort af Gíbraltarhöfða, og í enskri bók myndir af stórum herskipum, línuskipunum svokölluðu. Ég þekkti hvortveggja aftur. Líklega hefi ég séð sjó-orustu eins og hún var þá. Eftir svona 200 ár hefur glampinn af orustunni verið búinn að fara hringinn, og þá lent hjá mér í draumnum.

Í sálarháská

Ég var lítill og léttur og klifraði eins og köttur í klettunum í Þverárfjallinu. Einu sinni ætlaði ég á eftir rollunum fjárgötuna yfir skriðuna í Efri-Nautahjallanum, en þó lappirnar á mér væru litlar, voru þær öðruvísi en kindafætur og skriðan fór af stað með mig. Ég kastaðist aldrei, en rann; ýmist var höfuðið á undan eða fæturnir, treyjan var í hnút uppi á hálsi, en buxurnar niður um hné. Ég hágrét, var allur rispæður, og það rann úr mér blóðið, er ég stöðvaðist neðst í skriðunni. Ég þorði aldrei að segja frá þessu, því þá hefði ég verið skammaður eða hýddur fyrir glannaskapinn. Það er anzi sárt að vera hýddur með hrísvendu, ég reyndi það og átti hýðinguna skilið.

Og svo var Hundahillan. Hún var í Þverárgilinu framan í Snoppu, klettinum þar sem mætast Illagilið og Þverárgilið. Þetta var hengiflug, sem enginn hafði farið. Ofar í Illagilinu var sneiðingurinn í klettunum, sem ekkert var varið í að fara; í Snoppunófinni voru stallar eins og tröppur alla leið upp, en skelfing væri gaman að fara yfir Hundahillu. Og svo lagði ég af stað einn daginn austur úr. Það gekk lengi vel, ég gat komið mínum litlu fótum fyrir á hillunni, en svo kom smáskarð sem var hrúnið úr og ég hafði ekki séð. Ég gat ekki snúið við, því þá ætlaði ég að steypast fram af hillunni, og ég þorði ekki að ganga afturábak, en bara stökk yfir skarðið hugsunarlaust og gat tyllt fætinum þar, og þá var stutt út úr klettinum. Ég var ekki hræddur í klettinum, en er ég leit til baka trylltist ég af hræðslu, kastaði mér niður í harða brekkuna og öskraði. Síðan hef ég verið svo lofthræddur, að mig svimar ef ég horfi niður úr annarri hæð í húsi.

Og lengi á eftir dreymdi mig ýmist rautt naut eða andskotann, sem eltu mig, og alltaf steyptist ég fram af Snoppu og vaknaði skjálfandi af hræðslu í rúmínu, rennandi af svita.

Eftir þetta dreymdi mig óvinninn stöðugt í 50 ár, þar til ég varð 62 ára þá var hann orðinn vonlaus um mig. Við vorum orðnir hálfgerðir kunningjar, en alltaf var hann að reyna að fá mig

til að gera það, sem ég mátti ekki, og alltaf jafn elskulegur, þó ég væri ruddalegur við hann. Það er persóna, sem kann pólitíkina. Alltaf var hann brosandí, en grimmd og slægð skein úr svipnum, alltaf sama útlitið, smástiklar upp úr höfðinu upp af augunum, hófur á öðrum fæti, en kló á hinum, en aldrei sá ég rófunu, sem sagt er að hann hafi. Stundum var hann sallafrinn eins og frímúrari, sem er að fara á stúkufund, en stundum bara rétt þokkalega klæddur, svona eins og þeir, sem klæða sig uppá til að fara á fyllirí. En oft þegar ég gerði vitleysur heyrði ég hæðnishláturinn í honum. Það var óhugnanlegt.

Ég hefi stundum sagt vinum mínum, framsóknarmönnum og kommúnistum, að ég þekkti þá alltaf hvar sem ég sæi þá, af því mig hefði dreymt andskotann í 50 ár. En þeir verða bara öskuvondir.

Erfisdrykkjan

Kristín amma mín fæddist 22. september 1822, og var nú orðin 77 ára, lasbráða og gigtveik, en þó hress og kát. Síðari hluta vetrar árið 1900 kom vinkona hennar í heimsókn, og amma gekk með henni niður á túnið. Þar datt amma á sveiglotta, sem snjófól var á; henni var hjálpað heim, en hún steig ekki í fæturna meir, hefur líklega brákað í mjóðm. Heilsu hennar hrakaði því meir, sem frá leið, og seinast í ágúst dó hún.

Ég saknaði ömmu míkið, hún var mér svo undurgóð. Ég vissi að hún var komin til Guðs, þó hún lægi á fjölum frammi í Skálanum. Svo kom maður og smíðaði kistu utan um ömmu og málaði kistuna svarta með kimroki. Allir voru hljóðir í bænnum, og okkur börnunum var bannað að vera með hávaða inni.

Svo var maður sendur vestur á Borðeyri til að sækja brennivín, rauðvín og önnur veizluföng í erfisdrykkjuna. Hann kom líka með kúmenkringlur. Og það var sóttur veturgamall hrútur upp í Nónfell og slátrað. Hann var vankaður, og það átti að skera hann hvort sem var. Fjöldi manns var boðið til erfisdrykkjunnar.

Útfarardagurinn var kominn. Glugginn var tekinn úr skálanum og kista ömmu tekin þar út. Það voru sungnir sálmur þegar amma var látin í kistuna, og svo var lokið neglt á.

Séra Hálfán hélt húskveðju við kistuna úti á hlaðinu. Hann var alltaf virðulegur og elskaður af söfnuðinum; enginn efaðist um það, að hann væri sannur Guðs þjónn. Jafnvel þabbi, sem þóttist vera trúlaus, bar virðingu fyrir honum og áreitti hann aldrei. Margar konurnar grétu og sumir karlmennirnir líka. Það þótti mér skritið. Svo var kistan sett á kviktré, sem tveir hestar báru, og líkfyldgin lagði af stað fram að Breiðabólstað.

Við Imba á Efri-Þverá vorum eftir. Hún var sex ára. Steina mamma hennar var að undirbúa erfisdrykkjuna, steikja kjötið af hrútnum í stórum potti á hlóðunum í eldhúsinu, og líka að sjóða rauðgrautinn. Við Imba skildum ekkert í af hverju fólkíð var að gráta, sérstaklega karlmennirnir, það var svo skritið. Karlmennt gráta aldrei.

Svo kom fólkíð til baka frá kirkjunni. Öll baðstofan var full af fólkí, og allir fengu kaffi og bakkelsi, en ekki vín. Svo var steikin borin inn og annar matur. Allir voru svangir og borðuðu vel, en voru enn sorgmæddir á svip, töluðu guðsorð og sögðu að amma hefði verið góð og guðhrædd kona, og nú væri hún komin til Guðs. Það vissi ég vel.

Ragnhildur amma mín var líka í erfisdrykkjunni. Hún var orðin 68 ára gömul, tannlaus og hrörleg. Henni þótti ketið gott, og einn bitinn stóð í henni. Tvær konurnar drógu hana fram í bæjargöngin og börðu hana í bakið; ég var reiður yfir hvað þær voru vondar við ömmu, en bitinn hrökk upp úr kokinu og amma fór inn til að borða meira.

Á eftir steikinni og rauðgrautnum var gefið kaffi og brennivín út í. Karlmenntirnir drukkum marga bolla, fyrst hægt en svo ákafar. Þá var hætt að tala guðsorð og sorgarsvipurinn hvarf, menn urðu háværi. Svo fór fólkíð að syngja. Jakob á Neðri-Þverá byrjaði og söng: „Hvað er svo glatt sem góðra vína fundur?“ Hann hafði fallega rödd og söng ljómandi vel. Og svo var haldið áfram að drekka kaffi með brennivíni og syngja; sumir karlmennirnir voru orðnir fullir.

Það voru líka sagðar fréttir, meðal annars að rauðu hundarnir væru farnir að ganga. Ég hafði aldrei séð rauðan hund, hélt að þetta væru grimmi villidyrr. Það var komið svartamyrrkur, þegar ég var sendur eftir kúnum niður í hólmann við réttina. Ég horfði í allar áttir, hvort ég sæi ekki rauðu hundana koma.

Brúðkaupsveizla

Það var í maí 1905, sem ég kom fyrst í brúðkaupsveizlu, og var þá 13 ára, smali á Síðu. Þetta var systkinabruðkaup. Guðmundur á Mýri giftist Laugu frænku minni, og Bogga systir hans giftist Jóa á Vatnsenda. Lauga var systir Dísu á Síðu, húsmóður minni, og þar voru þá foreldrar þeirra, Guðmundur Snorrason og Soffía gamla, svo öllu fólkinu þar var boðið og mér með.

Boðsgestir voru margir og allir komu, nema Árni á Mýri. Hann var reiður, því að Björn á Vatnsenda hafði sigrað hann. Það var ekki svo, að Árni teldi Jóa ekki boðlegan og gott mannsfni handa uppáhaldsdótturinni, heldur að biða lægri hlut fyrir nágranna. Gudda á Mýri og Rósa og Björn á Vatnsenda voru í veizlunni, öll innilega ánægð. Björn lék við hvern fingur, hann hafði sigrað.

Veizlan var í Klömbrum, þar voru reisulegust hús þá og rúmbezt í stóra steinhúsinu, sem Júlíus læknir byggði. Klambrar voru þá í eyði, Júlíus læknir flutti út á Blönduós eftir að Mórítz sonur hans dó, og Guðmundur Björnsson var nú orðinn sýslumaður. Hann var tengdasonur Júlíusar og tók við jörðinni af honum.

Veizlugestir söfnuðust saman í Klömbrum, og þaðan var haldið fram að Breiðabólstað. Brúðhjónin voru gefin saman í kirkjunni af séra Hálfáni, Þorlákur organisti spilaði á orgelið og fólkíð söng. Svo var haldið aftur út að Klömbrum, en þar hafði Steina á Harastöðum, sem áður var á Efri-Þverá, undirbúið veizluna.

Þetta var störfengleg veizla í mat og drykk. Allir voru kátir og innilega góðir. Það þekktist ekki í Vesturhópinu að veizluspjöll og illindi væri framin, er mannfagnaður var, hvað fullir sem menn voru. Fólkíð dansaði, söng og kvað af hjartans lyst, voru sannarlega elskuleg guðsbörn. Ég man sérstaklega eftir Jóni á Grund. Hann sat á rúmi og kvað rímur, andlitið var eitt sólskinsbros.

Ingi á Harastöðum var ári eldri en ég, við sniktum og stálum áfengi og vorum orðnir blindfullir. Það var sérstaklega þúnsíð, sem okkur þótti gott, en bjórinn vildum við ekki, hann var súr. Svo voru brúðhjónin kvöld undir morgun með heillaóskum, og hver hélt heim til sín.

Búðarloka á Hvammstanga

Vorið 1906 flutti svo mamma með okkur Pétur bróður vestur á Hvammstanga. Gunnar bróðir og systur minar voru þá í dvöl annars staðar. Magnús í Vatnshól flutti okkur, það voru trússir á tveim hestum og ein kýr. Við fengum leigða sjóbúðina hans Stefáns á Ánastöðum, ósköp lítinn torfkofa, eitt herbergi, alveg niður við sjóinn út með bökkunum.

Þabbi verzlaði í Þorsteinshúsinu, sem Þorsteinn Hjálmarsson byggði. Það var þá tiltölulega stórt hús og bjó Þorsteinn uppi í risinu, en sölubúðin var niðri á hæðinni. Ég var þar í snúningum, verzlun var töluverð enda stóð þá kaupféðin yfir. Ull var fremur lítil eftir hart vor, og skuldir mynduðust. Enginn peningur sást dögum saman, aðeins vöruskipti og skuldarúttekt, og millifærsla í reikningum, innskriftir. Öll viðskipti voru færð í langar og mjóar bækur, kladda, og svo úr þeim í höfuðbókina.

En konurnar urðu að fá kramið, álna vöruna, það seldust mörg hundruð pund af stumpsírtsi, allavega litu. Fólkíð var feimið og hlédrægt, hrætt við að gera vitleysur. Margir ráðguðust við mig, konur og menn, bæði var ég ungur og svo hefir enginn nokkur tíma verið feiminn við mig, ég hefi alltaf verið talinn „einn af oss“, jafningi smælingjanna. Og vitanlega leiðbeindi ég og geri enn ef ég get og hefi vit á. Ég var ótrúlega minnugur þegar ég var ungur, og vakti það eftirtekt. Er karlarnir fóru að rífast út úr afreikningunum eftir áramótin var oft kallað á mig. Ef ég mundi eftir að hafa verið við afgreiðsluna vorið áður var umsögn mín látin gilda. En það var aðallega þetta ditto í reikningunum, sem karlaðir andmæltu, sögðust alls ekkert ditto hafa tekið út. „Er þetta ekki bölvad bríari í honum þabba þínum, Hanni, með þetta ditto, ég skil ekkert í manningunum en svona eru kaupmennirnir“, sagði einn viðskiptavinur við mig. En er ég svo sagði honum hvað orðið þýddi trúði hann mér, þó hann rengdi hina.

Innanbúðarmenn eru alltaf dálítið á lofti, þykjast hærri en saúðsvartur almúginn. Virðingu stéttarinnar varð að halda uppi og ýmsum brögðum, sem fólkíð ber virðingu fyrir. Ég var einstakur klaufi og gat aldrei verið fyrirmannlegur. Aldrei gat ég látið blýantinn tolla bak við eyrað, er ég lauk við að skrifa úttekt viðskiptavinar í kladdann. En hann Sophus Blöndal innanbúðarmaðurinn hjá Riisverzlun leik það með glans, svo blýantsóddurinn hallaðist á ská upp með gagnaganu. Sophus var fallægur og glæsilegur, einstakt lipurmenni, sem allir ungir menn reyndu að líkjast.

Og svo lærði ég um veturinn hjá Stefáni Sveinssyni, mínum þrúða og góða kennara, ásamt Magnúsi Magnússyni síðar rithöfundu og ritstjóra Storms. Hann vissi allt um málfræði og sögu, en ég sneri á hann í reikningi. Við vorum jafnaldrar og þabbi lét hann læra með mér. Magnús launaði það vel er þabbi var orðinn gamall og hrumur. Enginn sonur hefði reynt betur.

HAGALAGÐAR

Sr. Jón Vestmann var prestur í Selvogi árin 1811-1843. Þaðan fór hann að Móum á Kjalarnesi. Þegar hann hafði verið þar nokkur úr kvað hann vísu þessa:

Sakna ég úr Selvogi
sauðagöngu og ána
silungsafla, selveiði,
en sárast allra trjáanna.